

# RÍKISSAKSÓKNARI

## Fyrirmæli

Útgáfudagur:

17. maí 2016

Gildistaka:

17. maí 2016

RS: 1/2016

**Efni: Rannsókn á haldlögðum raftækjum sem innihalda rafræn gögn**

---

Ríkissaksóknari vekur athygli löggreglu og ákærenda á nýföllnum dóum Hæstaréttar í málum nr. 291/2016 og 297/2016, en í dómunum eru gerðar athugasemdir við þá framkvæmd löggreglu að rannsaka gögn í haldlögðum farsínum án þess að samþykki eiganda eða dómsúrskurður liggi fyrir. Um þetta segir í nefndum dóum:

### H 291/2016:

„Það athugast að sóknaraðili hefur gert tilraun til þess að rannsaka efnisinnihald umrædds farsíma án þess að fyrir liggi samþykki varnaraðila eða dómsúrskurður. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 71. gr. stjórnarskráinnar skulu allir njóta friðhelgi einkalífs heimilis og fjölskyldu og má ekki skerða einkalíf manns nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Þótt heimilt sé að haldleggja hlut án dómsúrskurðar, sbr. 1. mgr. 69. gr. laga nr. 88/2008, verður 68. gr. laganna ekki skilin á þann veg að löggregla geti rannsakað efnisinnihald raftækja án þess að fyrir liggi úrskurður dómara. Aðstæður þær sem hér um ræðir eru efnislega sambærilegar þeim sem ákvæði 1. mgr. 70. gr. og 1. mgr. 84. laga nr. 88/2008 taka til og samkvæmt lögjöfnun frá þeim er ljóst að löggreglu ber að afla dómsúrskurðar til þess að rannsaka efni farsímans.“

### H 297/2016:

„Það athugast að sóknaraðili hefur rannsakað efnisinnihald umrædds farsíma án þess að fyrir liggi samþykki varnaraðila eða dómsúrskurður. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 71. gr. stjórnarskráinnar skulu allir njóta friðhelgi einkalífs heimilis og fjölskyldu og má ekki skerða einkalíf manns nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Þótt heimilt sé að haldleggja hlut án dómsúrskurðar, sbr. 1. mgr. 69. gr. laga nr. 88/2008, verður 68. gr. laganna ekki skilin á þann veg að löggregla geti rannsakað efnisinnihald raftækja án þess að fyrir liggi úrskurður dómara. Aðstæður þær sem hér um ræðir eru efnislega sambærilegar þeim sem ákvæði 1. mgr. 70. gr. og 1. mgr. 84. laga nr. 88/2008 taka til og samkvæmt lögjöfnun frá þeim er ljóst að löggregla hefði þurft dómsúrskurð til þess að rannsaka efni farsímans. Samkvæmt þessu hafa aðgerðir sóknaraðila brotið gegn friðhelgi einkalífs varnaraðila. Er rannsókn löggreglu að þessu leyti að finnsluverð.“

Ríkissaksóknari telur að með hliðsjón af þessum dóum Hæstaréttar, sem samtals 5 dómarar dæma, verði ekki hjá því komist að breyta framkvæmd löggreglu þegar kemur að rannsókn haldragðra muna (raftækja) eins og síma og tölva, þrátt fyrir að ekki sé kveðið á um það með skýrum hætti í lögum um meðferða sakamála að þörf sé á samþykki eða úrskurði.

**Ríkissaksóknari beinir því hér með þeim fyrirmælum til löggreglu að afla dómsúrskurðar í kjölfar haldragningar ef ekki liggur fyrir samþykki eiganda eða haldragningarbola raftækja (símar, tölvur, tölvudrif, o.s.frv.) fyrir því að rannsaka/skoða gögn í tækjunum.**

Lagatilvísun í kröfugeroðinni yrði þá lögjöfnun frá ákvæðum 1. mgr. 70. gr. og 1. mgr. 84. gr. laga nr. 88/2008, sbr. nefndir dómar Hæstaréttar.

Þegar gerð er krafa fyrir dómi um heimild til húsleitar er rétt að gera jafnframt kröfu um að löggreglu verði heimilað að rannsaka og afrita gögn í raftækjum, s.s. tölvu og síma, sem finnast kunna á vettvangi og tilheyra sakborningi, og þarf þá dómari í hverju tilviki að meta hvort sakarefnið sé með þeim hætti að réttlætanlegt sé að heimila þá skerðingu á friðhelgi einkalífs sem skoðun á gögnum síma og tölva og annarra slíkra raftækja óneitanlega er.

Par til heimild til skoðunar liggur fyrir getur löggregla þurft að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja efnisinnihald raftækjanna og koma í veg fyrir að hægt að komast inn í raftækin í gegnum netið og breyta efnisinnihaldi þeirra.

**Ríkissaksóknari telur hins vegar ekki heimilt að afrita innihald síma t.a.m. fyrr en úrskurður liggur fyrir.**

Sigríður J. Friðjónsdóttir  
ríkissaksóknari